


Fella niður óvirka skuldunauta

Í útgáfu **Stólpa 2025** og síðar er komin ný aðgerð undir **Yfirliti skuldunauta**: **[Fella skuldunauta]**



Á löngum tíma getur safnast upp of mikill fjöldi skuldunauta og jafnvel svo mikið að það verði að vandamáli. Aðgerðin er ætluð til þess að **hreinsa til í of miklum fjölda skuldunauta** með að fella niður varanlega óvirka/úrelða skuldunauta. Skuldunautur þarf að vera með stöðuna 0 kr. OG hafa ekki hreyfst í x-mörg ár svo hægt sé að velja hann til niðurfellingar.

Áður en skuldunautar eru felldir varanlega niður er rétt að minna á eftirfarandi:

- Í Stólpa er einnig hægt að **fela** stakan skuldunaut, sem er í eðli sínu sambærileg aðgerð, nema hvað falinn skuldunautur er ennþá til sem slíkur í kerfinu og því auðvelt að virkja hann aftur síðar með að af-fela hann.
- Samkvæmt bókhaldslögum ber að eiga öll bókhaldsgögn, þar með allar fjárhagsfærslur í 7 ár. Í þessari aðgerð er engum fjárhagsfærslum eytt heldur aðeins skuldunautnum sjálfum. Fjárhagsfærslur hans, þar með talið upprunalegir sölureikningar og greiðslur, eru áfram varðveittar á einum safn-skuldunaut. Óþarfi er að varðveita mikinn fjölda skuldunauta í bókhaldi fyrirtækja sem hafa engar eða fáar hreyfingar síðustu árin og gera því fátt annað en að trufla notendur í daglegri vinnu sinni.

Framkvæmd aðgerðar

Ef fjárhagsfærslur, t.d. sölureikningar og greiðslur, eru til staðar á skuldunaut við niðurfellingu hans, er þeim færslum ekki eytt heldur færðar sjálfkrafa yfir á valinn safn-skuldunaut til áframhaldandi varðveislu.

Notandi þarf í upphafi að tilgreina slíkan safn-skuldunautur, sem hefur aðeins það hlutverk að varðveita safn af eldri fjárhagsfærslum, þar með talið upprunalegu sölureikningana. Æskilegt er að skíra hann lýsandi nafni, t.d. **[XX Felldir skuldunautar]**. Þetta er nauðsynlegt til að varðveita áfram allar fjárhagsfærslur áfram í kerfinu þó svo að sjálfum skuldunautnum hafi verið varanlega eytt.

Líka má velja við hvað annað skuli miðað þegar aðrar tengdar færslur eru til staðar. Svo sem reikningar í vinnslu, tímabókanir, skráningar í verkbókhaldi, innheimtukröfur eða annað sem er til staðar í kerfinu. Við viljum t.d. ekki fella niður nýjan, en hreyfingarlausan skuldunaut, sem var verið að stofna er með nýjan reikning í vinnslu.

